

Aðgerðir í átt að jöfnuði í íslenskri kvikmyndagerð

Tillögur unnar af Félagi kvenna í kvikmyndum og sjónvarpi (Wift á Íslandi),
í samstarfi við Kvikmyndamiðstöð Íslands og Kvikmyndaráð

Markmið þessa minnisblaðs er að setja fram tillögur að leiðum til að jafna stöðu kynjanna í kvikmyndum og sjónvarpi á Íslandi.

Um Wift

Wift eru alþjólega félagasamtök kvenna í kvikmyndum og sjónvarpi og eru starftæk í 40 löndum með yfir 10.000 meðlimi. Wift á Íslandi er að auki félagi í Wift Nordic sem hefur staðið fyrir ýmsum viðburðum og átaksverkefnum á Norðurlöndunum með þeim tilgangi að varpa ljósi á kynjahallann í kvikmyndum og sjónvarpi á Norðurlöndunum. Wift hefur tekið þátt í og fylgst vel með umræðu, rannsóknum og störfum sambærilegra félagasamtaka í átt að jöfnuði erlendis og byggir þessi drög á þeirri þekkingu auk reynslu og tillögum Kvikmyndaráðs og Kvikmyndasjóðs Íslands.

Staðan í dag

Árið 2017 frumsýndi Guðrún Ragnarsdóttir sína fyrstu kvikmynd Sumarbörn en þá höfðu liðið 7 ár, lengsta tímabil í íslenskrum kvikmyndasögu, frá því að kona hafði leikstýrt íslenskrum kvikmynd í fullri lengd.

Árið 2014 voru karlar 73 prósent þeirra sem störfuðu í kvikmyndum. Konur veljast fremur í aukahlutverk og starfa frekar við búninga og smink en karlar við framleiðslu, leikstjórn og kvikmyndatöku. (Kristín Atladóttir hagfræðingur tók saman)

Um 85% þess opinbera fjármagns sem Kvikmyndasjóður Íslands hefur úthlutað frá upphafi hefur farið til karla.

Umsóknir kvenna til KMÍ eru mun færri en karla en árangurshlutfall kvenna er þó betra. (sjá <http://www.kvikmyndamidstod.is/statistik/kynjamal/kik-umsoknir-styrkv>)

Tillögur til úrbóta á kynjahalla í kvikmynda-og sjónvarpsgerð á Íslandi

Varðandi almennar úthlutanir frá Kvikmyndasjóði Íslands leggur Wift til að kvikmyndasjóður noti punktakerfi við úthlutanir sem tíðkast hefur m.a. við úthlutanir á Spáni undanfarið ár. Kerfið á Spáni var hannað í samstarfi við Félag kvenna í kvikmyndum á Spáni CIMA .

Vanda þarf til verka við að setja upp slíkta punktakerfi en Wift leggur til að Kvikmyndasjóður vinni kerfið í samstarfi við Wift með tölulegar upplýsingar frá sjóðnum að leiðarljósi. Wift leggur til að þessi vinna verði greidd og að hluti af aukningu í sjóðinn verði nýttur til að greiða fyrir þessa vinnu.

Punktakerfið hampar þeim sem mest hallar á með punktum og eykur fjölbreytileika fyrir framan og aftan myndavélarnar. Punktakerfið mun ekki koma niður á leikstjórum eða samstarfsaðilum sem hafa notið velgengni með sínum verkefnum og sjóðurinn ber traust til heldur virka hvetjandi fyrir alla til að miðla að jafnræði í faginu.

Við mat á umsóknum hjá Kvikmyndamiðstöð Íslands, þarf að eiga sér stað vinnuferli sem kemur í veg fyrir ómeðvitaða kynjamismunun.

Þróun og framleiðsla kvikmynda tekur langan tíma og því er æskilegt að tilraun til að minnka kynjahalla með því að hækka styrkveitingu til kvenna, fyrir handrit, framleiðslu, kynningu og markaðssetningu standi yfir í **þrjú til fimm ár** (sbr. minnisblað KMÍ og Kvikmyndaráðs frá 25.mars 2017)

Handritsstyrkir

- Fyrsti lestur ráðgjafa ætti að vera nafnlaus. Ráðgjafi metur umsóknina nafnlausa fyrst og fær svo tækifæri til að lesa hana yfir aftur með nafni.
- Nýleg rannsókn við málvísindadeild Háskólans í Lundi í Svíþjóð sýnir að mat lesenda á skrifuðum texta er gerólíkt eftir því hvort kynið er sagt hafa skrifað sama texta. Þegar sami textinn var lesinn með þeirri forskrift að karlmaður hefði skrifað hann, þótti framsetning, innihaldi og orðalag mjög gott en ef að forskriftin var að kona hefði skrifað sama texta, þótti hann illa skrifaður, efnisval lélegt og höfundur þótti hafa lélegan orðaforða.
- Án þess að átt sé við listrænt innihald þá mælum við með að ráðgjafar bendi á að höfundar hafi fjölbreytileika í huga við handritsskrif og bendi höfundi á þann valmöguleika að skipta út kynjum í aukahlutverkum, þar sem það hefur ekki áhrif á framvindu sögunar. Þetta hefur verið gert víða í Bandaríkjunum og hefur haft mikið að segja við að skapa stúlkum fjölbreyttari fyrirmyndir.
- Lagt er til að handrits- og þróunarstyrkir til í leikstjórn kvenna verði 20% hærri en handrits- og þróunarstyrkir til karlaverkefna. Ástæða þess er að reynslan sýnir að það kostar meiri vinnu að fjármagna verkefni eftir kvenleikstjóra.

Framleiðslustyrkir

- Leitast verði við að hlutfall karla og kvenna verði með sem jöfnustum hætti í listrænum stöðum framleiðslunnar.
- Lagt er til að framleiðslustyrkir til kvennaverkefna verði 20% hærri en styrkir til karlaverkefna.

Í umsóknargögnum KMÍ fyrir framleiðslustyrk er nú beðið um lista yfir listrænar lykilstöður eftir kyni og umsækjendum einnig bent á að hafa í huga Bechtel prófið.

Nauðsynlegt er að þróa frekar þau vinnutæki/gátlista sem ráðgjafar og forstöðumaður KMÍ hafa til að afgreiða bæði handrits- og framleiðslustyrksumsóknir með leiðréttingu á kynjahalla í huga. Kanna þyrftir hvort rétt væri að setja upp einhverskonar punktakerfi þar sem umsóknir þyrftu að ná lágmarkspunktum til að hljóta brautargengi.

Kynningarstyrkir

- Verk karla (oft um karla eða sýn karla á konur) eru nokkuð þekkt stærð í kvikmynda- og sjónvarpsflórunni og ganga þannig oft inn í þegar tilbúið skapalón þegar kemur að kynningu og markaðssetningu.
- Lagt er til að kynningarstyrkir til handa kvennaverkefnum verði 20% hærri en til karlaverka.
- Í ljósi dræmrar aðsóknar á þær nýlegu íslensku verðlaunamyndir sem leikstýrt er af konum, er lagt til að sérstakur styrkur til markaðssetningar fyrir innlendan markað, verði veittur kvennaverkefnum

Meginrök fyrir þessari tímabundnu hækkun er sú að eftirsóknarvert verði fyrir bæði kven- og karlframleiðendur að framleiða verk sem skrifað eða leikstýrt er af konu og að verk kvenna fái þá kynningu sem hentar þeim.

Allt ofangreint á við um kvikmyndir í fullri lengd, heimildamyndir, stuttmyndir og leikið sjónvarpsefni

Fleiri leiðir til úrbóta

Það er ljóst að huga þarf að mörgum þáttum þegar kemur að því að auka hlut kvenna í kvikmyndagerð:

- Fjölga þarf fyrirmyndum í handritsgerð, leikstjórn, kvikmyndatöku, klippingu og fleiri stöðum
- Efla þarf alþjóðlegt tengslanet kvenna, því samstarf við erlenda aðila er veigamikill þáttur í fjármögnun og framleiðslu kvikmynda.
- Við leggjum til að sjóðurinn sé með þriggja til fimm ára markmið um að jafna hlutföll við úthlutun og að á þessu tímabili verði haldnir árlegir matsfundir, þar sem tölfræðin er kynnt og leiðir til úrbóta ræddar.
- Við mælum með því að ráðgjafar, stjórnendur og starfsmenn KMÍ sækji sér reglulega fræðslu um ómeðvitaða kynjamismunum (unconscious bias), þar sem nýjustu rannsóknir eru teknar saman og aðferðir sem beitt hefur verið með góðum árangri innan annara sambærilegra stofnanna erlendis.
- Við leggjum til að fengin verði mæling á umfjöllun fjölmiðla um kvenna- og karlakvikmyndir. Í kjölfarið verði boðað til málþings með fulltrúum allra helstu fjölmiðla landsins þar sem farið verði yfir stöðuna og leiðir til að auka umfjöllun um verk kvenna ræddar.
- Við leggjum til að RÚV fylgi enn betur eftir 3. lið í jafnréttisáætlun sinni þar sem fjallað er um sýnileika beggja kynja í dagskrá og hafi það ekki bara að leiðarljósi í sinni eigin dagskrárgerð heldur einnig við innkaup á íslensku og erlendu sjónvarpsefni.

Menntamál

- Menntamálaráðuneytið sjái til þess að jafna kynjahlutföll í kvikmyndaklúbbum framhaldsskólanna og við inntöku á nemendum í kvikmyndanámi á framhaldsskólastigi.
- Fræðsla um skaðlegar staðalímyndir í kvikmyndum verði gerð hluti af aðalnámsskrá, boðið verði upp á myndlæsi á unglingsstigi grunnskóla þar sem neysla ungs fólks á myndefni er í sögulegu hámarki um þessar mundir. Skilaboðin sem ungt fólk fær frá óheilbrigðum staðalímyndum hefur mikil áhrif á þeirra sjálfsmynd og hefur mótandi áhrif á þau til framtíðar. Til þess að geta horft á þessar skaðlegu staðalímyndir með gagnrýnum augum þarf að kenna ungmönnum að þekkja þær. Einnig þarf að mennta kennara í myndlæsi.
- Að Wíft haldi í samvinnu við skóla sem kenna kvikmyndagerð styttri eða lengri námskeið fyrir stúlkur og konur, í handritskrifum, leikstjórn, framleiðslu, kvikmyndatöku og klippingu. Þetta hefur áður verið gert undir heitinu “Stelpur skjóta” (sbr. “Stelpur rokka”) en þá meira eða minna í sjálfböðastarfi eða með minniháttar styrkjum. Nýta mætti helgar eða sumarhlé skólans til þessa námskeiðahalds. Slík námskeið ætti einnig að setja upp víðs vegar á landsbyggðinni.
- Myndir kvenna sem henta til kennslu verði keyptar af Menntamálastofnun og kvenleikstjórar, framleiðendur eða handritshöfundar fylgi þeim eftir í skólana.

Annað fjármagn

- Bæta þarf í rekstrarlið KMÍ þannig að hægt verði að halda úti eða styrkja konur til þátttöku öflugum alþjóðlegum vinnubúðum (workshops), ráðstefnum, málstofum, ritbúðum og fl.
- Lagt er til að Wíft á Íslandi, fái á þeim þremur til fimm árum sem átak KMÍ stendur yfir, rekstrarfé frá ríkinu til að:
 - halda út öflugum fræðslustarfi,
 - vera til ráðgjafar við jafnréttisfulltrúa Menntamálaráðuneytisins við að afla tölulegra upplýsinga.

- móta staðlað fræðsluefni um kynjaklisjur í kvikmyndum fyrir unglíngastig grunnskóla og í framhaldsskóla
- setja upp og halda utan um vinnubúðir, ráðstefnur, málstofur, ritbúðir, ofl.
- Við óskum einnig eftir að hluti af fjármagninu fari í rannsóknir og söfnun á tölulegum upplýsingum úr faginu út frá kyni.

Lokaorð

Nú þegar lokinu hefur verið lyft af pottinum er loks er hægt að ræða hvernig bregðast eigi við einsleitni, tómlæti, langvarandi sniðgöngu, og kynbundnu ofbeldi í kvikmynda- og sjónvarpsgeiranum.

Orð eru auðvitað til alls fyrst, en stundum liggja orðin ein eftir, þegar þær sem sögðu þau hafa ekki efni á að fylgja þeim eftir.

Því leggur Wift til að Menntamálaráðherra þrýsti á um að viljayfirlýsing Bjarna Benediktssonar þ.v. og n.v. Fjármálaráðherra og f.v. Menntamálaráðherra Illuga Gunnarssonar frá 26. október 2016 um hækkun framlaga á fjárlögum til Kvikmyndasjóðs verði efnd sem fyrst og að sú hækkun verði fyrst og fremst nýtt til að jafna stöðu kynjanna í greininni.

Nokkrar staðreyndir og fróðleikur erlendis frá

Sænski kvikmyndasjóðurinn hefur gengið hvað lengst í aðgerðum til jöfnuðar en sjóðurinn var sá fyrsti til að ná að jafna hlutföllin á aðeins tveimur árum. Vert er því að líta til þeirra aðferðafræði.

Sænsku kvikmyndalögin:

Í sænsku kvikmyndalögunum er gerð krafa um að úr sjóðnum sé úthlutað jafnt jafnt til kvenna og karla og að konur eigi að gegna a.m.k. 40% af lykilhlutverkum fyrir aftan myndavélarnar.

Meira hér: http://www.filminstitutet.se/globalassets/_dokument/rapporter/gender-equality-report-2017_eng.pdf

Aðferðafræði við tölulega upplýsingasöfnun:

Hlutföllin eru talin eftir kyni í stöðum framleiðanda, leikstjóra og handritshöfundar.

Nánar hér:

<http://www.ewawomen.com/uploads/files/aboutgenderstatisticsatsfi.pdf>

Nokkar staðreyndir erlendis:

Úr Evrópskri rannsókn Ewa frá 2016

http://www.ewawomen.com/uploads/files/Exec_summary%20Berlin16.pdf

The new EWA report highlights a big fall-off in the number of female film school graduates who go on to actually work in the industry (44 percent) and direct (just 24 percent). It also finds that "in spite of the unbalanced marketplace, female-directed films are 10 percent more likely to participate in a film festival and 6 percent more likely to win an award than a male-directed film

Low funding perpetuates the scarcity of female-directed films in circulation, in turn affecting the markets' willingness to invest and thus creating a vicious circle

- The struggle for funding is identified as women's most significant challenge, both economically, given their unequal status in the marketplace, and creatively, in terms of the range of stories they want to tell.
- Risk aversion on the part of investors. A significant number of respondents believe a female director negatively impacts on funding decisions: 56% negative for private funders and 31% for public funders across the board.
- Lower share of broadcasting funds for female directors: especially significant as directors move between cinema and television to sustain their careers.
- Inequality in average national funding awards. Female directors of fiction films receive less funding per project than their male counterparts. For documentaries, funding has been more equally shared.

Rannsóknir:

Hér er norræn rannsókn frá árinu 2012

<http://www.ewawomen.com/uploads/files/martinssontbachelor.pdf>

Nánar um aðferðafræði Eurimages í átt að jöfnuði 2020:

<https://rm.coe.int/eurimages-gender-equality-strategy-2018-2020-aiming-for-50-50-by-2020/1680760bff>

Virðingarfyllst,

Stjórn Wift á Íslandi

Helga Rakel Rafnsdóttir

Dögg Mósesdóttir

Tinna Hrafnisdóttir

Helga Einarsdóttir

Eva Sigurðardóttir

www.wift.is